

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 11. janúar 2023.

Staður: Sörlastaðir hjá Hestamannafélaginu Sörla.

Hófst kl.16.40 og lauk kl.18.10.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Viðar Halldórsson, Aðalbjörg Óladóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir og Arnfríður Kristín Arnardóttir. Forföll: Sýlvía Ósk Speight og Már Sveinbjörnsson.

### Dagskrá:

#### 1. Fundir stjórnar ÍBH febrúar til maí 2023

Samþykkt að halda fundi, 1. febrúar, 1. mars, 29. mars, 3. maí nk. og hefjast þeir allir klukkan 16.30.

#### 2. Þing ÍBH vor 2023

Samþykkt að halda 53. þing ÍBH 11. maí 2023 milli kl. 17.00 – 21.00.

#### 3. Gleðiávísun UMFÍ

Lögð fram til kynningar. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að rita aðildarfélögum ÍBH bréf, þar sem verkefnið er kynnt í stuttu máli og óskað eftir umsóknum frá aðildarfélögum ÍBH um að taka þátt í verkefninu.

#### 4. Fjárhagslegar upplýsingar frá ÍSÍ

Bréf frá ÍSÍ 6. janúar sl. lagt fram til kynningar, þar er m.a. fjallað um afkomu af lottó á árinu 2022 sem var góð og ákvað stjórn Íslenskrar getspar að greiða út auka arðgreiðslu til eignaraðila. Tillaga verður lögð fyrir 76. Íþróttþing ÍSÍ, sem haldið verður í maí nk., um ráðstöfun þessarar auka arðgreiðslu.

#### 5. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðar 2022

Hafnarfjarðarbær fær bestu þakkir fyrir framtakið sem tókst vel og var öllum til sóma.

#### 6. Siglingaþing

Boð á Siglingaþing 18. febrúar 2023 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.

#### 7. Úthlutun 450 m. króna til íþróttahreyfingarinnar – lokaúthlutun

Lagt fram til kynningar bréf frá ÍSÍ 11. janúar 2023. Þar sem m.a. kemur fram að mennta- og barnamálaráðuneytið hafi úthlutað 450 milljónum króna til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldurs. Um er að ræða lokaúthlutun stjórnvalda með það að markmiði að viðhalda öflugu íþróttastarfi hér á landi. Fjögur íþróttafélög innan ÍBH fengu úthlutun að þessu sinni, það voru, Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagið Haukar, Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar og Fimleikafélagið Björk.

**8. Heimsókn stjórnar ÍBH til Hestamannafélagsins Sörla á Sörlastöðum**

Atli Már Ingólfsson formaður Hestamannafélagsins Sörla, Sigríður Hafþórsdóttir framkvæmdastjóri H. S. og stjórnarmenn H. S. fræddu stjórnarmenn ÍBH um starfsemi félagsins og mannvirki. Kærar þakkir fyrir frábærar móttökur.

**9. Önnur mál**

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.